

Grjótháls 8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. nóvember 2002, breytingu á deiliskipulagi fyrir Grjótháls 8, vetnisstöð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 14. febrúar 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING

um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávar- og fiskeldisafurðum frá Kína.

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn sjávar- og fiskeldisafurðir frá Kína sem nota á til manneldis eða sem dýrafóður.

2. gr.

Þrátt fyrir bannið í 1. gr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs:

1. Fiskafurðir, en þó ekki fiskeldisafurðir, ál eða rækju sem ekki er veidd í Atlantshafi.
2. Rækjur sem veiddar eru í Atlantshafi og hafa ekki hlotið neina aðra meðferð en frystingu og þökkun í endanlegar umbúðir á vinnsluskipi og landað beint á Evrópska efna-hagssvæðinu.

3. gr.

Þrátt fyrir bannið í 1. gr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs, að því tilskyldu að á 20% hveðrar sendingar sé gert próf til að ganga úr skugga um að vörurnar séu ekki skaðlegar heilsu manna. Þessi próf eru gerð til að kanna leyfar lyfja, skordýraeiturs, mengunarvalda og annarra efna sem talin eru skaðleg heilsu manna.

1. Ferskvatnshumar.
2. Surimi sem framleitt er úr fiskafurðum sem innflutningur er heimill á samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 706, 11. október 2002, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. febrúar 2003.

F. h. r.

Kolbeinn Árnason.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.